



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

Dómsmálaráðuneytið
Sölvhólsgötu 7
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 3. febrúar 2021.

Efni: Umsögn Mannréttindaskrifstofu Íslands um drög að frumvarpi til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, með síðari breytingum (mansal).

Mannréttindaskrifstofa Íslands (MRSÍ) hefur ákveðið að taka framangreind drög að frumvarpi til breytinga á 227. gr. a, almennra hegningarlaga til umsagnar.

MRSÍ telur þær breytingar sem lagðar eru til með frumvarpsdrögum þessum mjög af hinu góða. Einkum er jákvætt að tilgreina vandi en ekki aðeins að misnota einhvern kynferðislega og að hagnýting á einstaklingi þurfi ekki að vera í fjárhagslegum tilgangi. Jafnframt er afar jákvætt að þrældómi og ánauð hefur verið bætt inn í ákvæðið og að skuldaánaud skuli nefnd sérstaklega því svo algengt er að fórnarlömbum mansals séu gerðar upp skuldir sem oft næst aldrei að greiða að fullu.

Hvað varðar greinargerð með frumvarpsdrögum og athugasemdir með ákvæðinu þá telur MRSÍ þar fram komnar upplýsingar og skýringar sem að gagni koma og auðvelda mega saksókn og sakfellingu í mansalsmálum. Þar má nefna umfjöllun um skilgreininguna á mansali og upptalningu dæma um verknáðaraðferðir, svo sem að neita fíkniefnaneytanda um næsta skammt o.s.frv.

Þá er enn fremur vísað til vísbendinga um að erlendir ríkisborgarar hafi verið fluttir með skipulögðum hætti hingað til lands til að sæta mansali og vísað til bágrar félagslegrar stöðu umsækjenda um alþjóðlega vernd, en jafnframt vísað til farandverkafólks og erlendra ríkisborgara. Er það vel þar sem dæmi eru um hagnýtingu bágra aðstæðna fólks sem hingað kemur á eigin vegum eða sem t.d. au-pair, námsmenn eða jafnvel á fjölskyldusameiningarleyfi og því mikilvægt að líta ekki alfarið til skipulagðs innflutnings erlendra ríkisborgara í hagnýtingarskyni.

Eins og að framan greinir og rakið hefur verið styður MRSÍ frumvarp þetta heils hugar og telur efni þess mjög til þess fallið að styrkja ákvæði 227. gr. a almennra hegningarlaga. Það eina sem skrifstofan telur á vanta og brýnt að bæta úr er að geta þess á skýran hátt, að samkvæmt 3. gr. b í Palermó-bókuninni og 4. gr. b Evrópuráðssamnings um aðgerðir gegn mansali, skiptir samþykki fórnarláms mansals ekki máli ef þeim aðferðum er beitt sem taldar eru upp í a-lið beggja ákvæða. Telur MRSÍ afar brýnt að leggja áherslu á þetta í ljósi þess að algengt er t.d. að gert er upp á milli nauðungarvæðis (forced prostitution) og væðis af frjálsum vilja (voluntary prostitution). Geta má nærri að flest fórnarlömb mansals segist stunda vandi af fúsum og frjálsum vilja og því er brýnt að líta til aðstæðna þeirra allra og þess að afar fátítt er að einhver sem hefur raunverulegt val kjósi að sjá fyrir sér með vandi. Oft skortir skilning á aðstæðum fórnarlamba og því mætti leggja sérstaklega áherslu á þetta atriði.

Virðingarfyllst,

f.h. Mannréttindaskrifstofu Íslands

Margrét Steinarsdóttir, framkvæmdastjóri